

## 5.1. Reglur um könnun og meðferð mála og framsal valds til starfsmanna barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar

### I. Almenn

#### 5.1.1.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. mgr. 14. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002.

#### 5.1.2.

Starfsmenn barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar fara með einstök barnaverndarmál eða málaflokka í umboði nefndarinnar eftir reglum þessum og/eða frekari ákvörðunum nefndarinnar hverju sinni. Með starfsmönnum er átt við fastráðna starfsmenn nefndarinnar og sjálfstætt starfandi sérfræðinga er taka að sér verkefni fyrir nefndina. Forstöðumanni barnaverndar er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu máls eftir því sem rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Móttöku- og greiningarfundur sem í sitja tveir starfsmenn barnaverndar, þar af annar forstöðumaður barnaverndar eða staðgengill hans, er haldinn vikulega. Þar er farið yfir tilkynningar og ákvarðanir teknar um hvort hefja skuli könnun máls. Á þeim fundum er málum úthlutað til vinnslu á starfsmenn eftir hverfum.

Meðferðarfundir eru haldnir vikulega. Forstöðumaður barnaverndar stýrir meðferðarfundum, en þar sitja allir starfsmenn barnaverndar. Á meðferðarfundum eru teknar ákvarðanir um vinnslu mála, farið yfir niðurstöður kannanna, meðferðaráætlanir lagðar fram og tekin ákvörðun um það hvort að mál skuli lagt fyrir barnaverndarnefnd. Meðferðarfundir þurfa að lágmarki tveir starfsmenn að sitja, þar af annar forstöðumaður barnaverndar eða staðgengill hans.

Barnaverndarnefnd getur hvenær sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanna og skulu þeir í störfum sínum framfylgja ákvörðunum nefndarinnar og fara að tilmælum hennar.

Barnaverndarnefnd skal starfa í samræmi við 12 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og sinnir jafnframt verkefnum sem nefndinni eru falin í lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 og barnalögum nr. 76/2003.

Barnaverndarnefnd kveður upp úrskurði og tekur ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr. Barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um einhliða áætlun um beitingu þvingunar sbr. 23. gr.

#### 5.1.3.

Starfsmenn barnaverndarnefndar skulu alla jafna hafa lokið háskólaprófi í félagsráðgjöf, sálfræði, uppeldisfræði, lögfræði eða öðrum þeim fræðum, sem nýtast vel við vinnslu barnaverndarmála.

### II. Vanhæfisreglur

#### 5.1.4. Vanhæfi

Starfsmaður barnaverndarnefndar er vanhæfur að vinna barnaverndarmál ef:

- Hann er aðili að málinu.
- Hann hefur verið talsmaður aðila varðandi málið.
- Hann hefur borið um mál að öðru leyti en því sem leiðir af störfum hans á vegum nefndarinnar.

- d. Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- e. Hann tengist eða hefur tengst talsmanni aðila með sama hætti sem segir í c-lið.
- f. Hann tengist eða hefur tengst einhverjum sem borið hefur um málið með sama hætti og segir í c-lið.
- g. Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa.
- h. Ef hann telst vanhæfur til meðferðar máls skv. 2. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

#### 5.1.5. Áhrif vanhæfis

Starfsmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli næsta yfirmanns á því. Yfirmaður tekur síðan endanlega ákvörðun um hvort starfsmaður víki sæti. Sé yfirmaður vanhæfur til meðferðar máls gildir hið sama um starfsmenn sem undir hann heyra og skal mál þá unnið undir stjórn hans yfirmanns af þeim sem sá skipar til þess.

Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi meðan staðgengill er ekki til staðar sbr. 4. gr. stjórnsýslulaga. Hið sama gildir um yfirmann.

Nefndarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

### III. Málsmeðferð hjá starfsmönnum barnaverndarnefndar

#### 5.1.6. Hlutlægni og fagleg vinnubrögð

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Þeir mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir verða visir að í störfum sínum um einkamál manna eða heimilishætti. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða, eftir því sem best þykir á hverjum tíma. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni við könnun og meðferð mála.

#### 5.1.7. Málshraði

Starfsmenn skulu afgreiða mál svo fljótt sem auðið er og sjá til þess að mál séu nægilega upplýst áður en einhverjar ákvarðanir eru teknar. Ákvörðun um könnun máls skal að jafnaði tekin innan 7 daga frá því að tilkynning berst. Könnun skal að jafnaði lokið innan þriggja mánaðar frá því að tilkynning berst.

#### 5.1.8. Skráning

Starfsmönnum ber að skrá mál sem koma til meðferðar á kerfisbundinn hátt og varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sbr. ákvæði 39. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 22. og 23. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.

#### 5.1.9. Tilkynningar

Starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum er varða grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra/forsjáaraðila, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess. Starfsmenn skulu einnig taka á móti tilkynningum um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófæddis barns síns í hættu. Skrá skal nákvæmlega efni tilkynninga og annað sem máli kann að skipta.

Starfsmenn skulu vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd. Það á þó ekki við ef um er að ræða

tilkynnendur skv. 17. og 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 3. mgr. 19. gr. laganna.

Taka skal afstöðu til þess án tafar og eigi síðan en innan 7 daga frá því tilkynning berst, hvort ástæða sé til að hefja könnun í málinu. Það er gert á vikulegum fundum hjá móttöku- og greiningarteymi. Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin, nema rökstuddur grunur um brot skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 liggja fyrir. Sama gildir þó starfsmaður fái upplýsingar með öðrum hætti en beinni tilkynningu.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal starfsmaður þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

Starfsmaður skal tilkynna foreldrum/forsjáraðilum um að tilkynning hafi borist og um niðurstöðu móttöku- og greiningarteymis varðandi hvort mál fer í könnun eða er vísað frá. Einungis er heimilt að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

#### 5.1.10. Brýnar aðgerðir

Starfsmaður hefur umboð til að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi barns sbr. 31. gr. barnaverndarlaga en skal hafa samráð við yfirmann og formann barnaverndarnefndar ef unnt er. Leggja skal málið fyrir barnaverndarnefnd til staðfestingar án tafar og eigi síðar en innan 14. daga. Að öðrum kosti fellur ákvörðunin úr gildi.

Hafi starfsmaður verið kvaddur til að sinna barni þar sem brýnna aðgerða er þörf, skal hann gera skriflega skýrslu þar sem fram koma ástæður íhlutunar og annað sem máli kann að skipta.

#### 5.1.11. Könnun máls

Þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að aðbúnaði barns sé ábótavant, þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska geti verið hættu búin vegna; vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra/forsjáraðila, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar barns skal málið kannað án tafar. Það sama gildir ef rökstuddur grunur er um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns í hættu.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra/forsjáraðila þar sem starfsmaður og forsjáraðili/ar undirrita áætlun um framkvæmd könnunar. Starfsmaður skal afla upplýsinga frá þeim sem um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Afla skal sem gleggstra upplýsinga um hagi barnsins svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag þess. Að jafnaði skal aflað umsagnar skóla eða annarrar stofnunar þar sem barn dvelur, heimilisaðstæður barns kannaðar og rætt við foreldra/forráðamenn. Leita skal eftir sjónarmiðum barnanna við könnun máls miðað við þroska þeirra og getu. Þá skal að jafnaði aflað upplýsinga frá heilbrigðisyfirvöldum um heilsufar barnsins.

Ef grunur er um að brotið hafi verið gegn barni á grundvelli alm. hegningarlaga nr. 19/1940, hefur starfsmaður umboð til að óska eftir lögreglurannsókn.

Könnun máls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni hraðað sem kostur er. Þegar mál hefur verið nægilega kannað skal starfsmaður taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið hverra úrbóta sé þörf og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. Ákvörðun um beitingu úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

Ákvörðun um beitingu úrræða og lokun máls skal tekin fyrir á meðferðarfundi.

#### 5.1.12. Áætlun um meðferð máls

Leiði könnun starfsmanns í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni og þörf er á beitingu úrræða samkvæmt barnaverndarlögum, skal starfsmaður, í samvinnu við foreldra/forsjáraðila gera skriflega áætlun um meðferð málsins. Hið sama á við um barn sem hefur náð 15 ára aldri. Áætlunin skal miða að því að

bæta aðbúnað eða hegðun barns eða ungmennis sem í hlut á og í áætlun skal koma fram hvaða úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi. Í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá. Skal áætlun markaður ákveðinn tími og mál endurskoðað með hliðsjón af því hvort markmiðum hafi verið náð.

#### 5.1.13. Mál lagt fyrir barnaverndarnefnd

Ef ekki tekst samvinna um gerð eða framkvæmd áætlunar um beitingu úrræða skal starfsmaður semja einhliða áætlun um framvindu máls og leggja fyrir barnaverndarnefnd til ákvörðunar sbr. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Leggi starfsmaður mál fyrir nefndina skal það gert með skriflegri greinargerð þar sem fram koma ástæður fyrir iðlutun starfsmanns, atvik máls og annað sem máli kann að skipta. Starfsmaður skal afhenda og kynna aðilum máls, greinagerðir og önnur gögn málsins með hæfilegum fyrirvara. Starfsmaður getur ákveðið, telji hann það andstætt hagsmunum barns að aðilar fái ekki að svo stöddu að kynna sér innihald tiltekinna gagna þar til barnaverndarnefnd hefur tekið endanlega ákvörðun þar að lútandi. Slík ákvörðun skal tekin fyrir á meðferðarfundi.

Leggja skal mál fyrir barnaverndarnefnd þegar kveða þarf upp úrskurði og taka ákvarðanir um málhöfðun skv. 28. og 29. gr. svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns og nálgunarbanns skv. 31. gr.

Önnur mál sem leggja skal fyrir barnaverndarnefnd eru:

- a. fósturmál, þegar barn fer í fóstur.
- b. árlega er lagt fram yfirlit yfir börn í fóstri.
- c. árlega er lagt fram yfirlit um fjölda barnaverndarmála.
- d. umsagnir vegna ættleiðingarmála.
- e. umsagnir vegna umgengismála.
- f. umsagnir vegna leyfis til að gerast fósturforeldrar.
- g. mál sem hafa verið kærð fyrir hönd nefndarinnar.
- h. önnur mál sem samþykkt er á meðferðarfundi að fari fyrir nefndina.
- i. leyfi til stuðningsfjölskyldna, gegn saka- og læknisvottorði og umsögn barnaverndarstarfsmanna.

Starfsmaður skal vekja athygli foreldra/forsjáraðila á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli viðkomandi á rétti hans til lögmannsaðstoðar og mögulegra fjárhagsaðstoðar í því skyni sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og reglum Fjölskyldu- og félagssviðs Reykjanesbæjar um greiðslu lögmannskostnaðar í barnaverndarmálum.

#### 5.1.14. Ákvarðanir barnaverndarnefndar

Starfsmaður skal, án ástæðulausrar tafar, tilkynna viðkomandi aðilum um bókanir, ákvarðanir og úrskurði barnaverndarnefndar með sannanlegum hætti. Jafnframt skal þá veita hlutaðeigandi aðila leiðbeiningar um kærheimildir þegar þær eru fyrir hendi, kærufresti svo og hvert beina skuli kærur, sbr. 40. gr. og 49. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

#### 5.1.15. Úrræði gagnvart þeim sem starfa með börnum

Starfsmaður skal taka á móti ábendingum um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant sbr. 35. gr. bvl. og kanna mál í samræmi við ákvæði 21. gr. bvl. telji hann tilefni til. Ákvörðun um málsmeðferðina er tekin fyrir á móttöku- og greiningarfundi. Tilkynna skal viðkomandi starfsmanni ákvörðun um málsmeðferð og vinnuveitanda hans ef við á. Starfsmaður skal tilkynna um niðurstöðu könnunar til starfsmanns og vinnuveita hans og setja fram tillögur til úrbóta.

### III. Ráðstöfun barns utan heimilis

#### 5.1.16.

Áður en barni er ráðstafað utan heimilis skal reyna önnur vægari stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni.

Liggja þarf fyrir samþykki foreldra/forsjáraðila barns svo og barns sem náð hefur 15 ára aldri, fyrir því að barnið verði vistað utan heimilis eða því ráðstafað í fóstur. Samþykkið skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja aðila er votta að foreldrum/forsjáraðila eða barni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum ráðstöfunarinnar. Skorti samþykki foreldra/forsjáraðila og/eða barns 15 ára og eldra skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd og skal þá barni og/eða talsmanni/lögmanni þess veitt færi á að tjá sig fyrir nefndinni. Hið sama gildir um foreldra/forsjáraðila og/eða lögmenn þeirra.

Starfsmaður skal leita umsagnar kynforeldris sem ekki fer með forsjá barns áður en barni er ráðstafað utan heimilis.

Starfsmaður skal aðstoða og undirbúa foreldra/forsjáraðila og barn undir væntanlega vistun eða fóstur. Skal starfsmaður semja skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins. Í áætlun skal skilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

#### 5.1.17. Fóstur

Þegar fyrir liggur samþykki aðila eða úrskurður barnaverndarnefndar um fóstur barns sendir starfsmaður beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við stofuna. Starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra/forsjáraðila. Enn fremur skal starfsmaður veita fósturforeldrum stuðning og leiðbeiningar meðan á fóstri stendur eftir því sem ástæða þykir til. Starfsmaður skal koma á fósturheimili a.m.k. einu sinni á ári. Í heimsóknnum sínum skal starfsmaður ræða annars vegar við fósturforeldra og hins vegar við barnið sjálft. Starfsmaður skal halda utan um öll afskipti hans af fósturmálum og eftirlit með fósturheimilum.

Starfsmaður skal gera skriflegan fóstursamning fyrir hönd barnaverndarnefndar við fósturforeldra. Fóstursamningur skal gerður á þar til gerð eyðublöð og skulu koma fram þau atriði sem getið er í 68. gr. bvl. og annað sem máli kann að skipta. Starfsmaður sendir til Barnaverndarstofu tilkynningu um gerð fóstursamning og lok fósturs. Starfsmaður tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á. Tilkynna skal um fóstur til barnaverndarnefndar.

Telji starfsmaður að fósturforeldri vanræki uppeldishlutverk sitt skal hann gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til verndar barni eða ungmenni. Ef um alvarlega vanrækslu er að ræða eða starfsmaður telur ástæðu til af öðrum orsökum skal hann kynna málið fyrir barnaverndarnefnd og Barnaverndarstofu.

Starfsmaður hefur frumkvæði að því að koma á samningi um umgengni barns við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Barnaverndarnefnd úrskurðar um ágreiningsefni er varða umgengni kynforeldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd.

#### 5.1.18. Vistun á meðferðarheimili

Þegar fyrir liggur samþykki aðila eða úrskurður barnaverndarnefndar fyrir vistun barns á meðferðarheimili sendir starfsmaður umsókn til Barnaverndarstofu. Stofan metur og tekur ákvörðun í samráði við starfsmann nefndarinnar um vistun, þar á meðal hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka.

Ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79 gr. bvl. og ekki er um að ræða umgengni þeirra við barnið, ber starfsmanni að finna barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vara lengur en tvo mánuði. Starfsmaður skal gera vistunarsamning og leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun.

#### **IV. Umsagnir vegna forsjár- og umgengnismála**

##### 5.1.19.

Óski dómismálaráðuneytið eða dómari eftir umsögn barnaverndarnefndar áður en forsjármáli er ráðið til lykta skulu starfsmenn annast könnun málsins. Það sama gildir ef sýslumaður óskar umsagnar vegna deilu um umgengnisrétt barns og foreldris, sem ekki fer með forsjá þess og ef foreldrar óska eftir að fela þriðja manni forsjá barns með samningi.

##### 5.1.20. Könnun umsagnarmáls

Könnun starfsmanns, skal miða að því að upplýsa hvernig högum barns hefur verið háttáð, aðstæðum og möguleikum foreldra/forsjáraðila til að annast barn, tengsl foreldra og barns og annað er máli kann að skipta. Eftir því sem ástæða þykir til skal forsaga foreldra könnuð.

Starfsmaður skal kanna viðhorf barns eftir því sem það hefur þroska til. Starfsmaður getur falið öðrum sérfræðingum að annast þennan þátt málsins ásamt því að leita álits á einhverju því sem getur í 1. mgr.

##### 5.1.21. Mál lagt fyrir barnaverndarnefnd

Að lokinni könnun skal starfsmaður gera skriflega greinargerð þar sem fram kemur framkvæmd könnunar og helstu niðurstöður. Aðilum máls skal gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd könnunar, greinargerð starfsmanns og önnur gögn málsins.

Þegar greinargerð starfsmanns og athugasemdir aðila liggja fyrir skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd. Starfsmaður skal gera aðilum grein fyrir þeim rétti sínum, að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

##### 5.1.22.

Starfsmaður skal á öllum stigum máls leita sátta með aðilum, eftir því sem best þykir henta högum og aðstæðum barns. Þá skal mál unnið í náinni samvinnu við aðra barnaverndarnefnd ef því er til að dreifa.

#### **V. Aðrar umsagnir**

##### 5.1.23.

Sé óskað umsagnar vegna ættleiðinga skv. 16. gr. og 31. gr. ættleiðingarlaga nr. 130/1999 eða skv. ákvæðum barnaverndarlaga, svo sem um hæfi verðandi fósturforeldra eða um leyfi til að reka stofnun eða heimili fyrir börn, skal starfsmaður annast könnun málsins. Starfsmaður skal skrifa greinargerð sem lögð er fyrir barnaverndarnefnd.

Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu fela í sér upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra kjörforeldra í samræmi við ættleiðingarlög nr. 130/1999.

Afhenda skal aðilum greinargerð og gefa þeim kost á að gera athugasemdir munnlega eða skriflega. Aðilum skal jafnframt boðið að mæta á fund nefndarinnar til að gera frekari grein fyrir aðstæðum sínum eða sjónarmiðum.

## **VI. Gildistaka**

5.1.24.

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu barnaverndarnefndar.

Samþykkt barnaverndarnefnd dags. 23. apríl 2012

Samþykkt/kynnt bæjarstjórn dags. 15. maí 2012

Kynnt Barnaverndarstofu dags. 27. júní 2012